

## *Nemendastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps*

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir nemendum á aldrinum 15 – 20 ára styrk til framhaldsnáms.

### **Skilyrði fyrir veitingu nemendastyrkja:**

- Að styrkþegi hafi lögheimili á Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 15 - 20 ára.
- Vottorði um staðfesting á skólavist frá viðkomandi skóla sé skilað til skrifstofu sveitarfélagsins á netfangið [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is) .
- Nemendastyrki er ekki heimilt að færa milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á þeirri önn sem styrkþegi stundar nám.

Styrkur getur orðið allt að 40.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 80.000 kr. á ári.

Grímsnes- og Grafningshreppi 20. desember 2017

*Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri*

*Það eru ekki til formlegar reglur um nemendastyrkina en svona hefur þetta verið auglýst síðan fyrir mína tíð.*

*Eins og undanfarin ár mun Grímsnes- og Grafningshreppur veita framhaldsskólanemum 16-20 ára, þ.e. fyrir 8 fyrstu annirnar eftir grunnskóla, styrk að upphæð kr. 30.000.-*

*Þeir aðilar sem vilja nýta sér þetta eru beðnir um að senda vottorð um skólavist fyrir haustönn 2017 sem allra fyrst til skrifstofu sveitarfélagsins.*

*Hægt er að senda staðfestingu á netfangið [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is)*